

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Afrekssjóð 6. bekkjar X, M. R. 1978—1979“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. maí 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

STOFN- OG SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Afrekssjóð 6. bekkjar X, M. R. 1978—1979“.

Stofnendur eru undirritaðir nemendur 6. bekkjar X, Menntaskólanum í Reykjavík, skólaárið 1978—1979.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afrekssjóður 6. bekkjar X, 1978—1979.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja til aukinnar líkamsræktar og líkamlegrar hreysti með því að verðlauna þá sem á lokaprófi í leikfimi við Menntaskólann í Reykjavík fá hæstu einkunn á hverju ári. Ná fleiri en einn sama árangri sama árið, skiptist upphæðin hlutfallslega.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á sparisjóðsbók eða á annan jafn tryggan hátt.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru því fé sem sjóðnum kann að áskotnast.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 20 000.00 — Tuttugu þúsund krónur — er haldast skal óskert. Stofnendur greiða sjálfir fyrstu verðlaun sjóðsins og ákveða stofnendur hver þau verða. Fyrsta veiting úr sjóðnum skal fara fram í sambandi við vorprófin vorið 1979.

6. gr.

Til verðlaunanna má veita allt að $\frac{3}{4}$ af vaxtatekjum sjóðsins frá síðustu verðlaunaveitingu. Minnst $\frac{1}{4}$ hluti vaxtateknanna leggst við sjóðinn til eflingar honum.

7. gr.

Bók skal færa yfir eignir sjóðsins og ársreikninga hans. Þar skal og færa skýrslu um allar verðlaunaveitingar úr sjóðnum.

Árlega skal rektor birta reikninga sjóðsins í skólaskýrslu Menntaskólans í Reykjavík og greina frá hver eða hverjir hafi hlotið verðlaun úr sjóðnum það ár. Endurskoðun skal vera með sama hætti og annarra sjóða í vörslu rektors.

8. gr.

Vörslu sjóðsins og stjórn skal rekorsembættið við Menntaskólann í Reykjavík annast, svo og verðlaunaveitingar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.